

Frá: Fjóla María Ágústsdóttir

Til: Fjóla María Ágústsdóttir

Sent: 8.1.2024 15:04:29

Efni: Samantekt samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu og þakkir fyrir samstarfið á árinu sem er liðið.

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Við í stafrænu umbreytingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er liðið og förum stuttlega hér yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að á sl. ári í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni þróun.

Stafrænt umbreytingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga er tiltölulega nýtt, en það var stofnað um mitt ár 2021. Brösuglega gekk að manna teymið í byrjun þar sem mikil samkeppni var þá um tæknifólk á markaði. Teymið var fullmannað með þremur starfsgildum í nóvember 2022. Hugmyndin var að Samband íslenskra sveitarfélaga kæmi á og væri með hlutverk í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni þróun og samvinnu við ríkið um nýtingu stafrænna innviða Stafræns Íslands. Héldi úti samstarfsvettvangi og myndi styðja sveitarfélögin í tæknilegri framþróun. Sveitafélögin eru sjálfstæðar stofnanir sem sambandið hefur engin völd yfir svo samhönnun og -þróun var áskorun, um leið og Stafrænt Ísland var á þeim tíma ómótað og nýstofnað. Driffjöðurin í samstarfinu var að kostnaðarmikil framþróun yrði hagkvæmari með samvinnu í stað þess að öll sveitarfélög væru að þróa eigin lausnir og finna upp hjólið. Samvinna sveitarfélaga hefur gengið nokkuð vel og samvinna við ríkið er að eflast jafnt og þétt.

Samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu hefur borið marga ólíka ávexti á miklum mótunartíma bæði við að koma á samstarfinu og mótunartíma í tækni og stafrænni þróun í öllum geirum.

Hér er samantekt yfir helstu verkefni sem umbreytingateymið vann að árið 2023.

Samstarf sveitarfélaga og sameiginleg þróun eða nýting lausna

- Próð og endurbætt miðlæg lausn, fjárhagsaðstoð, fyrir sveitarfélög inn á Ísland.is. útgáfa 2.0 komin í loftið og innleiðingar í gangi. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/umsokn-um-fjarhagsadstod/>
- Við buðum út í samstarfi við Ríkiskaup Microsoft hugbúnaðarleyfi fyrir 16 sveitarfélög sem vildu vera með en á úrvinnslutíma útboðsins fækkaði sveitarfélögum sem voru reiðubúin til að taka þátt það mikið að fjöldi leyfa féll undir lágmark Microsoft um þau verð sem þeir buðu. <https://stafræn.sveitarfelog.is/samband/microsoftleyfi-verkefni-nidurstada.pdf>
- Við gáfum út ákvarðanatré til að styðja sveitarfélögin við kaup á Microsoft leyfum. Hvaða hugbúnaðarpakki hentar? <https://stafræn.sveitarfelog.is/microsoft/>
- Við unnum greiningu og hönnun á umsókn um frekari styrki, heimildagreiðslur, þegar fólk er komið á fjárhagsaðstoð inn á Ísland.is. Þróun fer af stað 2024. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/umsokn-um-heimildagreiðslur/>
- Við buðum út spjallmennalausn fyrir sveitarfélög en brugðumst hratt við þegar ný tækni ChatGPT4 kom á markaðinn og skelltum okkur á nútímalegri lausn og erum nú með í þróun gervigreindar spjallmennalausn fyrir sveitarfélögin. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/spjallmenni/>
- Við erum að þróa gervigreindar þjónustulausn Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka og efla þjónustu og upplýsingamiðlun fyrir sveitarfélögin.

- Við gáfum út aðgerðaáætlun vegna rafrænna skila sveitarfélaga og leiðbeiningar vegna móttöku og varðveislu rafrænna skjalasafna fyrir sveitarfélögin. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/rafræn-skil/>
- Við hófum samstarf við ríkið og hönnunarvinnu vegna verkefnisins; Gott að eldast, umsókn um hjúkrunarheimili, inn á Ísland.is
- Við hófum samstarf við HMS vegna hönnunar og þróunar miðlægrar rafrænnar umsóknar um byggingarleyfi sveitarfélaga.
- Við hófum greiningu og samstarf við ríkið vegna miðlægrar þróunar lausnar inn á Ísland.is vegna verkefnisins; Borgað þegar hent er, hringrásarhagkerfið.
- Þrjú sveitarfélög hófu samstarf við ríkið vegna umsóknar/beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Stuðningur við sveitarfélögin

- Við reukum samstarfsvettvang stafræns ráðs sveitarfélaga þar sem hver landshluti á sinn fulltrúa. <https://stafræn.sveitarfelog.is/stafræn-sveitarfelog/>
- Við reukum samstarfsvettvang sérfræðingahóps í stafrænni umbreytingu sem við köllum faghóp um stafræna umbreytingu sveitarfélaga.
- Við reukum fulltrúahóp allra sveitarfélaga þar sem við miðlum upplýsingum og fræðslu til allra sveitarfélaga um stafræna umbreytingu og upplýsum um hvað er í gangi í samstarfinu.
- Við höfum haldið 4 svokölluð vefkaffi sem eru rafrænir kynningarfundir á stafrænum lausnum fyrirtækja á markaði eða reynslu af lausnum innan sveitarfélaga. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/vefkaffi-vefurinn/>
- Við höldum árlega ráðstefnu um stafræna umbreytingu sveitarfélaga í október sl. í Origo höllinni í Rvík og var metþátttaka eða um 270 manns sem mættu. <https://stafræn.sveitarfelog.is/radstefnur/stafræn-sveitarfelog-samvinna-er-lykillinn/>
- Við fórum með 37 manna hóp fjármálastjóra og sérfræðinga í stafrænni umbreytingu í námsferð til Eistlands og kynntum okkur stafræna umbreytingu í samstarfi sveitarfélaga og ríkisins í Eistlandi. <https://stafræn.sveitarfelog.is/frettir/namsferd-til-eistlands-i-agust-2023/>
- Við hófum stefnumótunarvinnu með stafrænu ráði og sérfræðingum í stafrænni umbreytingu hjá sveitarfélögum þ.e. faghópi um stafræna umbreytingu um samstarfs sveitarfélaga í stafrænni þróun með tveimur stórum vinnustofum sl. haust auk þess að halda smærri fundi og við stefnum á að leggja fyrir niðurstöður þeirrar vinnu í febrúar 2024.
- Við unnum í samstarfi við sveitarfélög leiðbeiningar fyrir innleiðingu pósthólfsins, innleiðingu á tæknihögun og tillögulista um hvað eigi að birta í stafræna pósthólfinu. <https://stafræn.sveitarfelog.is/verkefni/stafrænt-postholf/>
- Við erum sífellt að efla vefinn okkar stafræn.sveitarfélög.is <https://stafræn.sveitarfelog.is/> og hvetjum alla að fylgjast vel með honum og benda okkur á hvernig við getum bætt hann.

Sveitarfélögin

Sveitarfélögin eru mörg hver nú með stafræna leiðtoga sem sinna stafrænni umbreytingu þeirra og mörg hver eru búin að fara í stafræn verkefni innandyra hjá sér sem hafa bæði bætt þjónustu þeirra mikið og sparað þeim handtök og aukið skilvirkni.

Áskoranir

Áskoranir í samstarfinu eru þónokkrar og einna helst eru þær fjármagnsskortur og að ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg nái ekki að vinna nógu skilvirkt saman að kostnaðarsamri endurhönnun þjónustu út frá nútímakröfum. Sveitarfélögin þróa þar með öll sínar eigin lausnir.

Mikilvægt er að næg áhersla verði lögð á stafræna framþróun innan sveitarfélaganna og innan sambandsins til þess að árangur náist.

Kostnaður sveitarfélaga vegna stafræns umbreytingateymis 2023 og samvinnuverkefna

Sú áætlun sem lögð var fram í október 2022 var gerð eftir bestu þekkingu á möguleikum á samvinnu á þeim tímapunkti. Hér er samantekt á þeim kostnaði sem sveitarfélögin voru rukkuð fyrir vegna samstarfsins, en sambandið stóð einnig undir ákveðnum kostnaði.

Kostnaðarliður/verkefni	Áætlun (m.kr.)	Kostnaður (m.kr)
Fast þáttökugjald sveitarfélaga, greiðsla sem tekur mið af íbúafjölda og fastri fjárhæð 200 þ.kr.	45	45
Miðlun lausna og þekkingaruppbygging	3	1,3 (þáttökugjald inn á ráðstefnu, sambandið borgaði annan kostnað)
Nútímalegri tæknilegir innviðir, tæknigrunnsstefna, kröfufylsingar og stuðningur v. rafrænna skila	8	0 (ekki var farið í aðkeypta þjónustu)
Rekstur, hýsing og viðhald lausna á Ísland.is og tenginga við vinnslukerfi sveitarfélaga og ófyrirséður kostnaður	10	(7,3 sem sambandið borgaði)
Sameiginleg þróun, viðbætur við fjárhagsaðstoð og þróun vegna viðbótastyrkja, svokallaðra heimildagreiðslna	20 (rukkað í des. 2023)	20 (14,2 færðar til 2024)
Sameiginleg þróun inn á Ísland.is vegna BPHE verkefnis	30	Ekki varð til kostnaður á árinu
Sameiginleg þróun – innritun í leikskóla, grunnskóla eða vegna farsældarlaga	30	Ekki varð til kostnaður á árinu
Upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga á Ísland.is	2	Ekki farið af stað
	148	66,3

(Sveitarfélög sem voru með í spjallmennalausn voru rukkuð í desember 2022).

Listinn hér fyrir ofan er ekki tæmandi en stafrænt umbreytingateymi sambandsins hefur reynt að styðja vel við stafræna umbreytingu sveitarfélaga, leysa úr málum sem upp koma og bregðast við óskum og hugmyndum sveitarfélaga eins og kostur er.

Bestu kveðjur,

Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns umbreytingateymis